

Ed.

592. Frumvarp til laga

[372. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 12. febr. 1940, um hitaveitu Reykjavíkur.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Borgarsjórn Reykjavíkur rekur hitaveitu er nefnist Hitaveita Reykjavíkur. Verkefni fyrirtækisins er að virkja jarðhita í þeim tilgangi að selja heitt vatn til upphitunar og framleiða og selja rafmagn.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Hitaveita Reykjavíkur setur gjaldskrá um verð þeirrar raforku er hún selur. Gjaldskrá-in öðlast ekki gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný gr. er orðist svo:

Af efni, tækjum og vélum til þeirra orkuvera, sem Hitaveita Reykjavíkur reisir, skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fr. þetta er flutt í þeim tilgangi að afla Hitaveitu Reykjavíkur sams konar heimildar til raforkuframkvæmda og önnur sambærileg orkuver hafa þegar, t. d. Hitaveita Suðurnesja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi laga stendur „bæjarstjórn“ en ekki, „borgarstjórn“ af eðlilegum ástæðum. Enn fremur er kveðið skýrt á um einkaleyfi Hitaveitu Reykjavíkur til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið. Ekki er talin ástæða til þess að halda þessu ákvæði um einkaleyfið inni í lögnum lengur þar sem borgarstjórn hefur í hendi sér sem yfirvald byggingarmála á þessu svæði að ákveða hvort öðrum en Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið. Líkur til að áhugi sé fyrir slíku, miðað við núverandi aðstæður, eru taldar heldur litlar. Í frv. er aftur á móti bætt inn til viðbótar heimildarákvæði til Hitaveitu Reykjavíkur til framleiðslu og sölu rafmagns.

Um 2. gr.

Greinin er í samræmi við 10. gr. laga nr. 100/1974.
Þykir rétt að gæta samræmis í lögum þessum.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum í l. nr. 21/1974 (Krafla), l. nr. 100/1974 (Hitaveita Suðurnesja) og l. nr. 105/1974 (Bessastaðaá) og ætlun flm. er sú að greinin nái til orkuversins sjálfs og þess búnaðar sem þar þarf til en ekki til veitukerfisins sem reisa þarf til þess að flytja orkuna til viðtakanda.